



Greinargerð vegna auglýsingar á starfsleyfistillögu og útgáfu starfsleyfis fyrir

Áki Bílaþjónusta

kt. 580285-0589

**Borgarflöt 19c,
550 Sauðárkrókur**

vegna almenns bifreiðaverkstæði í starfstöð fyrirtækisins að Borgarflöt 19c, í Sveitarfélaginu Skagafirði.

1. Aðdragandi að auglýsingu starfsleyfistillögu

Heilbrigðisnefnd Norðurlands vestra barst í maí sl. umsókn Péturs Jóhannssonar f.h. Áka eðalbíla, kt. 580285 0589, um starfsleyfi vegna rekstur bifreiðaverkstæðis að Borgarteig 5. Þau mistök urðu hjá umsækjanda að misrita heimilisfang fyrirtækisins en fyrirhugað var að starfrækja fyrirtækið og fá starfsleyfi að Borgarflöt 19c en ekki að Borgarteigi 5, eins og kom fram í umsókninni.

Það var ætlun umsækjanda að fá leyfi til að flytja starfsemi fyrirtækisins frá Borgarteigi 5, þar sem starfsemin hafði verið til húsa og í nýtt húsnæði að Borgarflöt 19c.

Umrætt starfsleyfi var afgreitt á fundi Heilbrigðisnefndar Norðurlands vestra þann 7.6. 2018. Heilbrigðiseftirlitið afgreiddi umsóknina samkvæmt málsmeðferð reglugerðar sem fallin var nýlega úr gildi þ.e. reglugerð 785/1999.

Heilbrigðiseftirlitinu var ekki kunnugt nýja reglugerð 550/2018 og var því ágalli á málsmeðferð leyfisveitingarinnar sem fram fór á fundi dags. 7 júní 2018. Starfsleyfið var því ekki auglýst til umsagnar líkt og gerð er krafa um í reglugerð 550/2018.

Í ljósi framangreinds var ákveðið að hefja leyfisveitingaferilinn upp á nýtt og var hafinn kynningarferill í samræmi við 6. gr. reglugerðar 550/2018. Á opinberum vettvangi höfðu verið gerðar athugasemdir við starfrækslu fyrirtækisins að Borgarflöt 19c og var því gefinn kostur á að koma með formlegar athugasemdir í samræmi við reglugerð 550/2018. Húsnæðið að Borgarflöt 19c, er hluti af skemmu að Borgarflöt 17-19, sem er hólfuð niður í nokkur iðnaðar- og geymslubíl. Í öðrum einingum í skemmuni er m.a. fyrirhugað að geyma safnmuni, prent- og álímingarþjónustu, geymslu og viðgerðaaðstöðu.

Húsnæðið sem um ræðir þ.e. Borgarflöt 19c er lítið eða 68 m², þar sem eigandi starfar að mestu einn við viðgerðir og ýmsa bílaþjónustu s.s. dekkjaskipti, þrif ofl.

2. Opinber auglýsing á starfsleyfistillögu

Skv. ákvæði 6. gr. reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnareftirlit skal útgefandi starfsleyfis auglýsa opinberlega á vefsíðu sinni tillögur að starfsleyfi, þ.e. hvers efnis þær eru og hvar megi nálgast þær. Heimilt er að gera skriflegar athugasemdir við tillögur útgefanda starfsleyfis innan fjögurra vikna frá auglýsingu.

Í samræmi við ofangreint ákvæði var auglýst eftir athugasemdum við starfsleyfisskilyrði fyrirtækisins á heimasíðu Heilbrigðiseftirlits Norðurlands vestra þann 29 október 2018 og var frestur til að gera athugasemdir auglýstur fjórar vikur frá birtingu auglýsingarinnar.

3. Starfsleyfisskilyrði og athugasemdir

Ekki voru samin sérstök starfsleyfisskilyrði heldur nýtt samræmd starfsleyfisskilyrði fyrir almenn bifreiðaverkstæði og skyldan atvinnurekstur, sem er að finna á heimasíðu Umhverfisstofnunar og eru viðmið fyrir starfsemi bifreiðaverkstæða á landsvísu.

Ein fyrirspurn barst frá byggingafulltrúar Skagafjarðar um starfsleyfisferilinn sjálfan á þá leið, hvort að Heilbrigðisnefnd eigi að kanna forsendur byggingarleyfa fyrir húsnæði áður en starfsleyfisskilyrði fyrir starfsemi í viðauka X reglugerðar 550/2018, eru auglýst og starfsleyfisferill er hafinn.

Ein athugasemd barst til Heilbrigðiseftirlitsins vegna útgáfu leyfis á umræddum stað þ.e. frá Berglindi Þorsteinsdóttur f.h. Byggðasafns Skagfirðinga, þar sem lagst var gegn leyfisveitingunni á grundvelli þess að Byggðasafnið áformaði að geyma safnmuni í sömu skemmu og bílaverkstæðið er til húsa í, þ.e. í nærliggjandi geymslu- iðnaðarbili. Í athugasemdinni var vitnað til niðurstöðu eftirlitsferðar Safnaráðs sem fram fór 19. september sl. Niðurstaðan í því eftirliti var að húsnæðið uppfyllti ekki kröfur til eldvarna, mögulegs vatnstjóns og mengunarhættu og má skilja að nábyli við bílaverkstæðið sé megin ástæða niðurstöðunnar. Ekki voru gerðar athugasemdir við nein ákvæði í starfsleyfisskilyrðum sem auglýst voru á heimasíðu Heilbrigðiseftirlitsins heldur einungis staðsetningu fyrirtækisins.

Í athugasemdum Péturs Jóhannsonar forsvarsmanns Áka bifreiðþjónustu við athugasemd Byggðasafns Skagfirðinga kom eftirfarandi fram:

Borgarflöt 17-19 væri iðnaðar og atvinnuhúsnæði samkvæmt viðmiðum hússins á teikningum og í byggingu. Einnig kom fram að starfsemi bifreiðaverkstæðis væri í samræmi við notkunarflokk hússins. Húsnæðið væri byggt á iðnaðar og athafnalóð samkvæmt skipulagi sveitarfélagsins Skagafjarðar. Húsnæðið hefði verið auglýst til sölu sem iðnaðarhúsnæði og keypt til þeirra nota. Meðfylgjandi sendi hann afrit af auglýsingu frá Fasteignasölu Sauðárkróks þar sem fram kemur að um iðnaðarhúsnæði

hafi verið til sölu þannig að húsnæðið hafi verið í keypt til atvinnustarfsemi í góðri trú, upplýsingum úr fasteignaskrá.

Pétur Jóhannsson óskaði eftir tímabundinni undanþágu frá ákvæði 3.2 í starfsleyfi fyrirtækisins þ.e. að það skuli vera til staðar olúgildra á fráveitulögn frá fyrirtækinu.

4. Umfjöllun um athugasemdir og niðurstaða Heilbrigðisnefndar

Varðandi fyrirpurn byggingafulltrúa um hvort Heilbrigðiseftirlitinu bæri að kanna forsendur byggingarleyfa áður en starfsleyfisferill væri hafinn. Niðurstaða Heilbrigðiseftirlitsins var að svo væri ekki, en fyrirspurnin og afstaða Heilbrigðiseftirlitsins var send til Umhverfisráðuneytisins, með þeim orðum að óskað væri eftir leiðréttingu á afgreiðslu, ef ráðuneytið teldi þörf á því.

Krafa Byggðasafns Skagafjarðar um að veita ekki starfsleyfi á umræddum stað byggir fyrst og fremst á neikvæðri afstöðu Safnaráðs til þess að hafa bílaverkstæði í næsta nágrenni við geymslu á safnmunum. Byggðasafnið hugðist nýta húsnæðið tímabundið eða í örfá ár, til þess að geyma safnmuni eða þar til búið verður að byggja varanlegar geymslur í tengslum við Menningarhús á Sauðárkróki. Einnig hefur komið til álita hvort heimilt sé að veita starfsleyfi fyrir bílaverkstæði, sem er til húsa í húsnæði sem upphaflega hafi verið reist sem geymsluhúsnæði.

Við skoðun Heilbrigðiseftirlitsins á málinu, var gerð athugun á hvernig önnur bil í skemmunni eru nýtt. Í ljós kom að þau eru flest nýtt til starfsemi sem er ekki eðlisólík Bílaþjónustu Áka, sbr: véla og tækjageymsla vörubílstjóra, lítið prentfyrirtæki, tækja- og vélageymslur, smíðaverkstæði og efnisgeymslur fyrir trésmíði. Það er ljóst að tilefni er til þess að skoða hvort einstaka aðilar í þessum hópi sæki um starfsleyfi á grundvelli reglugerðar 550/2018. Sú starfsemi sem er hve líkust þeirri sem Byggðasafnið hyggst hýsa er leikmuna og æfingaaðstaða Leikfélags Sauðárkróks.

Það eru engar kvaðir á húsnæðinu og meirihluti var fyrir í húsfélagi Borgarflatar 17-19, þann 15. október, 2018, að samþykkja þá notkun, að Áki bifreiðþjónusta ræki verkstæði í húsnæðinu að Borgarflöt 17c. Húsnæðið er á skipulögðu athafnasvæði á Sauðárkróki og er starfsemin því í samræmi við skipulag.

Ef lítið er til reglugerðar 550/2018 er ekki gert ráð fyrir að Heilbrigðisnefnd geti hafnað útgáfu starfsleyfis fyrir lögmæta atvinnustarfsemi sem er að finna á viðauka X og er í samræmi við gildandi skipulag. Heilbrigðisnefnd á hins vegar að setja skorður eða ramma utan um starfsemina í starfsleyfum fyrirtækja sbr. 6. gr. reglugerða 550/2018.

Niðurstaða Heilbrigðisnefndar er því að veita fyrirtækinu starfsleyfi með samræmdum skilyrðum Umhverfisstofnunar og heilbrigðiseftirlita sveitarfélga, sem gilda fyrir bifreiðaverkstæði og skyldan rekstur.

5. á tillögu að starfsleyfi

Engar breytingar voru gerðar á tillögu að starfsleyfi frá auglýstri tillögu, en fyrirtækinu gefinn frestur til 15. júní 2019 til þess að uppfylla kröfu sem kemur fram í lið 3.2. um að koma fyrir olúgildru við fráveitulögn.

Á fundi Heilbrigðisnefndar Norðurlands vestra þann 19. 12. sl. var ofangreind starfsleyfisumsókn Áka bifreiðþjónust tekin til afgreiðslu og eftirfarandi bókað:

Starfsleyfisumsókn Áka bifreiðþjónusta vegna bifreiðaverkstæðis að Borgarflöt 19 c hefur verið í lögbundnu auglýsingaferli sbr. 6. gr. reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnareftirlit. Starfsleyfi hefur verið veitt til 12 ára, með því skilyrði að komið verði fyrir olúgildru við fráveitulögn fyrir 15.6.2019.

Vakin er athygli á því að samkvæmt 1. mgr. 65. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, er heimilt að vísa ákvörðun heilbrigðisnefndar í máli þessu til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála. Um aðild, kærufrest, málsmeðferð og annað er varðar kæru til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála fer skv. lögum nr. 130/2011 um úrskurðarnefnd umhverfis- og auðlindamála. Kæra til úrskurðarnefndarinnar frestar ekki réttaráhrifum ákvörðunarinnar, sbr. 5. gr. ofangreindra laga. Frestur til að vísa málinu til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála er einn mánuður frá því kæranda varð kunnugt eða mátti vera kunnugt um ákvörðunina. Kæra skal vera skrifleg og undirrituð.

Sauðárkróki

Sigurjón Þórðarson
heilbrigðisfulltrúi